

Þjóðhátíðarræða 2009 - Sturla Böðvarsson fv.ráðherra og forseti Alþingis Þjóðhátíðarræða flutt á Hrafnseyri við Arnarfjörð, 17. júní 2009.

Ágætu Þjóðhátíðargestir.

Það er mér mikill heiður að ávarpa ykkur á þjóðhátíðardegi okkar Íslendinga hér á Hrafnseyri við Arnarfjörð. Ég hlýt að minnst frelsishetju okkar, Jóns Sigurðssonar, svo náteygur sem þessi dagur og þessi staður er minningu hans og verkum. Fyrir Breiðfirðing eins og mig er það heiður að fá tækifæri til þess að minnst Jóns Sigurðssonar um leið og ég minnst afmælis lýðveldisins Ísland. En auðvitað er mér ofarlega í huga staða okkar Íslendinga um þessar mundir.

Fyrsti desember 1918 og 17. júní 1944 eru þeir dagar sem þjóðin þarf að minnst og þjóðarvitund okkar þarf vissulega að efla tilfinninguna fyrir viðburðum fullveldisdagsins og stofnun lýðveldisins. Ekki síst vegna þess að svo margir ímynda sér að fullveldi þjóðarinnar megi fórn á altari alþjóðavæðingar. Það hefur tröllriðið umræðunni á vettvangi stjórnmalanna, en ekki síður innan viðskiptalífsins sem nú liggur helsært á vígvelli hinna alþjóðlegu viðskiptastrauma. Lýðveldið Ísland á því nú um stundir, mjög undir högg að sækja í svo mörgu tilliti.

Við Íslendingar höfðum byggt upp samfélag velsældar og mikilla væntinga síðustu ár. Efnahagshrunið snertir hins vegar í dag hverja fjölskyldu í landinu. En alvarlegust er sundrunin og sá trúnaðarbrestur sem er meðal þjóðarinnar og sú ógnaröld sem fylgt hefur hruni bankanna. Ég óttast hins vegar mjög um framhaldið og alvarlegar tafir á endurreisn ef alið er á hatri og sundurlyndi meðal þjóðarinnar.

Of margir stjórnmalamenn hafa notað ástandið til þess að skerpa á ágreiningi og kenna hrunið einstökum stjórnmalaflokkum, hugmyndafræði og til að berja á pólitískum andstæðingum. Þannig fleyta menn sér áfram á öldufaldi bylgjunnar sem fylgir örvæntingu þeirra mörgu sem horfa fram á versnandi kjör og óánægju í samfélaginu. Það er skylda okkar allra að taka höndum saman og vinna okkur út úr kreppunni og ná vopnum okkar að nýju. Þjóðin er vel menntuð og innviðir samfélagsins allir hafa verið byggðir ótrúlega vel upp á hinum síðustu árum. Hvernig sem lánshæfismat ríkissjóðs kann að vera metið þá verður það ekki frá okkur tekið að hér býr dugmikil þjóð sem á að geta séð sér farborða við þær aðstæður sem við höfum skapað, þrátt fyrir tímabundna kreppu.

Ræður á þjóðhátíðardegi eru jafnan notaðar til þess að skerpa sýn okkar á stöðu lands og þjóðar. Að þessu sinni eru ræðurnar fluttar í skugga þess að stjórnvöld virðast stefna, bæði leynt og ljóst, inn í ríki

Evrópusambandsins.

Öllu skal fórnað til að ná því markmiði. Það er gert þegar verst stendur á fyrir okkur. Vilji stjórnvalda virðist standa til þess að draga niður þjóðfána okkar, sem er tákn okkar sem sjálfstæðrar þjóðar, og draga þess í stað að húni fána Evrópusambandsins. Sá fáni mun yfirgnæfa allt hér og skapa óróleika og klofning meðal þjóðarinnar ef fram fer sem horfir. Gegn því verðum við að berjast og tryggja hagsmuni okkar, ekki síst þeirra sem lifa af því sem landið gefur, í sjávarbyggðum og sveitum landsins.

Í upphafi ævisögu Jóns Sigurðssonar segir: „En Arnfirðingar eru ekki gefnir fyrir vol eða víl. Þeir láta helst engan segja sér fyrir verkum, bíta á jaxlinn og trúa á mátt sinn og meginn en leggja örlög sín jafnframt á vald Guðs....

Þannig er þeim lýst, körlum og konum sem Jón Sigurðsson forseti Alþingis og leiðtogi þjóðfrelsmanna ólst upp með hér við Arnarfjörð. Sú samvist mótaði hann rækilega til framtíðar og það kom rækilega fram síðar í allri framgöngu hans.

Óbifanleg sannfæring og öflugur málatilbúnaður Jóns Sigurðssonar og samverkamanna hans færðu íslensku þjóðinni sjálfstæði í fyllingu tímans. Það er ærin ástæða til að halda á lofti minningu Jóns Sigurðssonar sem við virðum svo vel af verkum hans í þágu íslensku þjóðarinnar. Við eigum að brýna fyrir uppvaxandi kynslóðum að kynna sér framgöngu hans og hugsjónir.

Vert er að minna okkur á að því frelsi sem Jón Sigurðsson og samtíðarmenn hans skópu megum við ekki fórna né láta fara forgörðum í ölduróti heimskreppu eða vegna stundarhagsmuna. Samband Jóns Sigurðssonar við Breiðfirðinga var náíð.

Það var ekki síst við Breiðafjörðinn, þar sem margir af hans öflugustu stuðningsmönnum voru og þar sem bréfum hans og útgáfu Nýrra félagsrita var tekið fagnandi í sumarbyrjun hvert ár.

Fólkið hafði trú á verkum hans og orðum sem brýndu menn til dáða. Þannig þraukaði þjóðin og byggði Ísland upp hægt og bítandi. Smám saman risu verstöðvar þar sem nýttar voru auðlindir sjávar og jörðin var ræktuð í þágu þess búskapar sem hélt lífinu í landsmönnum uns iðnvæðingin, verslunarfrelsi og öflugir atvinnuvegir til sjós og lands bættu efnahag og tryggðu að lokum efnahagslegt og stjórnmálalegt sjálfstæði þjóðarinnar. Sú framvinda öll var byggð á þeim grunni sem Jón Sigurðsson og samstarfsmenn hans lögðu.

Sitt sterkasta bakland, eins og nú væri orðað, átti Jón Sigurðsson á Vesturlandi og Vestfjörðum, einkum í byggðunum kringum Breiðafjörð. Þar þjuggu stórbændur og þar voru forystumenn um félagsvakningu og framfarasókn, bæði konur og karlar. Fyrir daga Jóns höfðu Vestlendingar hafið upp merki framfara.

Flateyingar stofnuðu sína „Framfarastofnun“, Breiðfirðingar höfðu með sér „Bréflega félagið“ þar sem þeir „blogguðu“ um landsins gagn og nauðsynjar, og þeir gáfu um hríð út tímaritið „Gest Vestfirðing“ svo eitthvað sé nefnt. Þeir höfðu á Kollabúðum og Þórsnesi endurreist hin fornu héraðsþing er hyllti undir endurreist Alþingi.

Boðskap Jóns Sigurðssonar og Félagsritanna var því sáð í frjóan jarðveg þjóðmálavakningar víða um land og ekki síst um Breiðafjörð. Meðal dyggustu samherja Jóns á þingi var Breiðfirðingurinn, séra Eiríkur Kúld, sem bjó í Flatey og síðar í Stykkishólmi. Hann átti langa þingsetu og var sagður óþreytandi við að koma boðskap forsetans á framfæri og vinna baráttumálum hans brautargengi. Jón Sigurðsson sat fyrsta þing hins endurreista Alþingis, meðan það var eingöngu ráðgjafarþing einvaldskonungs. Hann lifði enn fremur að sjá Ísland fá sína eigin stjórnarskrá árið 1874 og var kjörinn forseti fyrsta löggjafarþingsins árið 1875.

Þessar mikilvægu breytingar á stöðu Alþingis hefðu vart orðið hefði Jóns Sigurðssonar ekki notið við. Í ljósi sögunnar og þess sem nú er efst á baugi er vert að minnast þess að lög voru með því fyrsta sem Íslendingum þótti vert að setja á bókfell á móðurmáli sínu. Grágás, lagasafn Íslendinga á þjóðveldisöld, er einn af þjóðardýrgripum okkar. Þar er að finna mesta lagasafn norrænna manna frá miðöldum, réttargrundvöll og leikreglur samfélagsins á þjóðveldisöld. Það er þarft fyrir okkur að minnast þessara verka forfeðranna nú þegar vandi steðjar að þjóðinni; deilur og heift gegnsýra samfélagið og á þeim er alið.

Og það er ýtt undir vantrú á allt sem innlent er, með því að sækja fólk til annarra landa til að stjórna mikilvægum stofnunum þjóðarinnar. Það skapar ekki traust og verður til þess að ala á og efna til enn frekari úlfúðar en áður.

Það er sjálfsagt að leita eftir samstarfi og ráðgjöf góðra granna, en það er óásættanlegt að fela útlendingum vald og jafnvel umfram það sem lög leyfa í skjóli hæpinna stjórnvaldsákvarðana. Íslenska þjóðin er, eins og stundum áður, klofin í afstöðu sinni til erlends valds sem ýmsir sækjast eftir að kalla yfir okkur. Í því ljósi er

mikilvægt að við metum stöðu okkar rétt og umfram allt, vanmetum hana ekki.

Staða Íslands er á margan hátt einstök. Íslendingar lifa á mörkum tveggja álfa, í samfélagi þar sem eru verðmætar auðlindir og við getum sótt hið besta bæði úr gömlu Evrópu og Nýja heiminum vestanhafs. Við getum einnig átt mikilvægt samstarf til austurs sem ekki má vanmeta. Búseta á Íslandi mótast auðvitað af legu landsins og verður alltaf ósambærileg við það að búa í hinni þéttbýlu og frjósömu Mið-Evrópu og Skandinavíu.

Afstaða okkar hlýtur af þeim sökum að mótast af þessum sérstöku aðstæðum sem eru á Íslandi. Það er því ekki óeðlilegt að við teljum okkur ekki geta innleitt allar reglur sem geta gilt í Evrópu. Nefni ég þar dæmi reglur um auðlindanýtingu og hlutverk landbúnaðar í því að byggja upp fæðuöryggi þjóðarinnar. Áður en stjórnvöld binda okkur föst í samningum við Evrópusambandið verður að skoða aðra kosti um samstarf til austurs eða vesturs til að skapa okkur samningsstöðu gagnvart Evrópusambandinu.

Íslenskir stjórnámálamenn hljóta að horfa til arfleifðar þjóðfrelsihetjunnar, Jóns Sigurðssonar, þegar við metum langtíma hagsmuni lands og lýðs í samskiptum þjóðanna. Það er hlutverk alþingismanna að setja lög og móta stefnu til hagsbóta fyrir land og þjóð, í þágu framtíðar og á grunni reynslunnar. Þeir bera ábyrgð gagnvart þeim sem skópu sögu okkar og ekki síður gagnvart komandi kynslóðum. Með fullveldi Íslands voru skapaðar þær kringumstæður sem lagt hafa grunninn að auðlindanýtingu og hagsæld þjóðarinnar.

Það er vissulega hollt að minnast kenninga Jóns og krafna um sjálfstæði þegar hugleidd er sú sérstaka staða sem við Íslendingar erum í við byrjun 21. aldar. Það eru á lofti kraftmiklar kenningar um vaxandi velsæld til sjós og lands, í skjóli Evrópusambandsins. Kröfur um inngöngu í Evrópusambandið voru reistar þegar við Íslendingar vorum efnaðri og

betur settir en við höfum nokkru sinni verið. Ýmsir virðast því vilja leita eftir skjóli innan Evrópusambandsins þegar við höfum hreppt mótvind um stund.

Eðlilegt er að varpa fram þeirri spurningu hvort það sé í anda hugsjóna Jóns Sigurðssonar að afsala hluta fullveldis okkar og flytja valdið yfir auðlindum sjávar til sameiginlegs og yfirþjóðlegs valds Evrópusambandsins?

Hafa stjórnendur Evrópusambandsins forsendur til að meta aðstæður okkar Íslendinga sem búum við ysta haf og nýtum auðlindir eldvirkinnar, framrása jökulfljótanna til orkuvinnslu og iðnaðar? Róm til fiskjar og viljum halda til haga sagnaritun okkar og sögulegri arfleifð?

Mun Alþingi, sem var stofnað á Þingvöllum árið 930 og hefur verið stolt okkar Íslendinga, njóta sæmdar og hafa þau áhrif sem því ber ef Ísland verður afkimi innan Evrópusambandsins?

Er reynsla okkar svo góð af samskiptum við Evrópuríkin eftir hrunið? Ég minnst þess þegar við vorum beitt hryðjuverkalögum með hljóðlátu samþykki jafnt Norðurlandanna sem Evrópusambandsríkjanna tuttugu og sjö? Eigum við skilyrðislaust að falla að fótum þeirra eftir það sem á undan er gengið? Þetta eru spurningar sem við Íslendingar verðum að svara.

Góðir hátíðargestir.

Árið 2011, eftir tvö ár verða 200 ár liðin frá fæðingu Jóns Sigurðssonar og 160 ár frá þjóðfundinum 1851, þar sem Jón steig fram fyrir skjöldu og mótmælti því ofbeldi sem hið erlenda vald beitti fulltrúa Alþingis með vopnað lið í nágrenninu.

Um þessar mundir höfum við forsætisráðherra við völd sem leggur ofurkapp á að við göngum í Evrópusambandið og afsölum okkur yfirráðum yfir auðlindunum í samræmi við Rómarsáttmálann.

Forsætisráðherra hefur fengið til fylgilags við sig stjórnámálamenn sem lofuðu kjósendum fyrir kosningar nú í vor að koma í veg fyrir aðild að Evrópusambandinu sem þeir hafa nú svikið.

Það virðist samt blasa við að við næstu kosningar verði þjóðaratkvæðagreiðsla um samning Íslands við Evrópusambandið um inngöngu með tilheyrandi breytingum á stjórnarskrá eftir aðildarumsókn og samninga undir stjórn utanríkisráðherra sem hefur lagst flatur fyrir ráðamönnum Evrópusambandsins.

Þetta eru vissulega mikil tíðindi ef af verður og undarleg gráglettni örlaganna ef sú verður raunin að slíkar kosningar fari fram á 200 ára afmælishátíðarári sjálfstæðishetjunnar.

Það má velta fyrir sér hvert ræðuefnið verður á Austurvelli við hlið stytta Jóns Sigurðssonar 17. júní það herrans ár 2011.

Það er eflaust mikilvægt að skipuleggja umræðuna í íslensku samfélagi og láta meta kosti þess og galla að Ísland afsali sér yfirráðum auðlindanna og hluta fullveldis með aðild að Evrópusambandinu.

Íslendingar verða að skoða fleira en efnahagsleg rök sem mæld eru í krónum eða evrum. Íhuga þarf mikilvægi þjóðarvitundar sem aflagjafa framfara og sjálfstæðis okkar.

Það ber umfram allt að varast að byggja upp óraunhæfar væntingar um stöðu okkar innan Evrópusambandsins. Sem smáþjóð eigum við að nýta styrk okkar þar sem við getum og við höfum margt fram að færa og getum haft áhrif, þótt við stöndum utan Evrópusambandsins.

Við þurfum miklu frekar að leggja allann okkar þunga á að ná vopnum okkar innanlands og tryggja aftur stöðugleikann í efnahagsmálum áður en við hugum að slíkum skrefum sem aðildarumsókn að Evrópusambandsins felur í sér.

Við getum ekki og eigum ekki, að koma á hnjúnum og óska inngöngu vegna efnahagslegra vandræða og semja frá okkur fullveldi og auðlindum okkar.

Það má því öllum vera ljóst að það er verk að vinna í ríkisstjórn og á Alþingi við að móta stefnu um samstarf við aðrar þjóðir. Þar þurfum við að hafa í huga þær breytingar sem hafa orðið á sviði varnarmála, orkumála, upplýsingatækni, samgöngumála, umhverfismála og efnahagsmála.

Það er skylda íslenskra stjórnámálamanna að ganga til samninga við aðrar þjóðir með það í huga að tryggja hagsmuni okkar jafnframt því að ganga fram í þágu frjálsrar og fullvalda þjóðar á Íslandi, í anda þeirrar arfleifðar sem Jón Sigurðsson skildi eftir sig. Meðal mikilvægra verkefna stjórnámálamanna er að endurskoða og breyta stjórnarskránni sem hefur ekki tekið miklum breytingum á lýðveldistímanum.

Í vetur var gerð atлага að stjórnarskránni og raunar að Alþingi einnig þegar færa átti stjórnarskrárvaldið frá Alþingi. Víkja átti Alþingi til hliðar og færa stjórnarskrárvaldið í hendur annarra aðila. Þeirri aðför að þinginu var bægt frá en mikið þurfti til. Þær aðgerir stjórnvalda fólu í sér aðför að stjórnarskránni og þinginu. Þær kunna að hafa stjórnast af því ástandi sem skapaðist í mótmælunum á Austurvelli. Ég hef lýst þeim sjónarmiðum á Alþingi fyrir síðustu kosningar og í blaðagrein að setja ætti löggjöf um ráðgefandi stjórnlagabing sem tæki stjórnarskrána til endurskoðunar og legði fyrir Alþingi tilögur að breytingum sem Alþingi fjallaði síðan um og breytti stjórnarskránni í samræmi við vilja kjörinna fulltrúa þjóðarinnar. Sú leið er eðlileg og vel framkæmanleg. Hún er í samræmi við þá virðingu sem við eigum að sýna Alþingi.

Og það er vissulega margt sem þarf að breyta í stjórnarskránni svo efla megi og styrkja þjóðfélagsskipun okkar og skapa festu í stjórnarfari og framfarir í samfélaginu.

Ég leyfi mér að skora á þingmenn kjördæmis Jóns Sigurðssonar að taka það mál í sínar hendur og fylgja því eftir og minnst þannig þeirra tímamóta sem verða árið 2011 þegar við minnumst þess að 200 ár eru frá fæðingu Jóns Sigurðssonar.

Ágætu Þjóðhátíðargestir

En það mikilvægasta sem þjóðin þarf nú á að halda, svo hún rati hina réttu leið út úr ógöngum og hafvillu, er að leitað verði sátta og samstöðu undir leiðsögn öflugra víðsýnna og réttsýnna leiðtoga.

Það er von mín að svo verði.

Gleðilega þjóðhátíð!